


Þóra Kristinsdóttir

ÍSLAND

Landið okkar



Þóra Kristinsdóttir



ÍSLAND

Landið okkar



MENNTAMÁLASTOFNUN



Efnið í þessari bók er sett fram í skýrum og knöppum texta, stuttum línum og með skýru lettri. Það var upphaflega samið með hliðsjón af efni sem unnið var í norrænum starfshópi um námsefni fyrir nemendur með sérkennsluþarfir.

Í íslenska hópnum voru sérkennararnir Alda Gísladóttir, Guðný Ella Sigurðardóttir, Jórunn Kristinsdóttir og Þóra Kristinsdóttir. Efni bókarinnar hentar einnig þeim nemendum sem hafa íslensku sem annað tungumál.

Í þessari útgáfu hefur efni bókarinnar verið endurskoðað lítillega og ljósmyndir endurnýjaðar. Endurskoðunina annaðist Tryggvi Jakobsson.

ÍSLAND – Landið okkar

ISBN 978-9979-0-2588-7

© 1992 Þóra Kristinsdóttir

© 1992/2010 Teikningar og kápa: Anna Cynthia Leplar

© Ljósmyndir: Garðar Pálsson bls. 13; Haraldur Bergmann Ingvarsson bls. 15; Kristján Ingi Einarsson bls. 4, 6, 7, 8, 10, 11, 12, 17, 18, 19, 20, 22, 23, 25, 26, 27, 28, 29, 30, 31, 32; Nordic Photos bls. 9, 16, 24; Rósa Hrund Kristjánsdóttir bls. 21; Sigurgeir Jónasson bls. 14

Ritstjórar Sylvía Guðmundsdóttir og Tryggvi Jakobsson

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 1993

2. útgáfa 2000

3. útgáfa endurskoðuð 2010

Menntamálastofnun

Kópavogi

Útlit og umbrot: Anna Cynthia Leplar

Prentun: Prenttækni



Efnisyfirlit

Ísland	4 og 5
Ísland er eyja	6
Strendur Íslands eru vogskornar	7
Sumrin eru svöl en veturnir mildir	8
Kaldur hafstraumur flytur með sér hafís	9
Á hálendi er lítill gróður	10
Stórir jöklar eru á hálendinu	11
Á Íslandi eru mörg eldfjöll	12
Surtsey varð til í eldgosi	13
Vestmannaeyjar eru suður af Íslandi	14
Að búa hjá eldfjöllum	15
Á Íslandi verða oft jarðskjálftar	16
Á Íslandi er heitt vatn í jörðu	17
Heita vatnið er notað á ýmsan hátt	18
Víða um landið eru heitar laugar	19
Á Íslandi eru margar ár og mörg vötn	20
Sumar ár eru virkjaðar	21
Skógar á Íslandi eru fáir og smáir	22
Nú er reynt að græða landið	23
Á Íslandi eru fá villt spendýr	24
Á Íslandi eru fáar tegundir húsdýra	25
Á Íslandi er ferðast á landi og í lofti	26
Samgöngur eru stundum erfiðar á veturnum	27
Samgöngur við Ísland eru góðar	28
Vörur eru fluttar með skipum og flugvélum	29
Höfuðborgin heitir Reykjavík	30
Þingvellir eru frægur sögustaður á Íslandi	31
Helstu atvinnuvegir	32

Ísland

Landið okkar heitir **Ísland**.

Þjóðin sem býr í landinu
heitir Íslendingar.

Tungumálið okkar heitir íslenska.

Ísland er lýðveldi.



Þjóðhöfðingi landsins er forseti.

Forsetinn býr á **Bessastöðum á Álftanesi**.



Bessastaðir á Álftanesi

Þjóðfáni Íslendinga er blár
með rauðum og hvítum krossi.





Þetta er bók um Ísland.
Skjóni og Snati ætla að ferðast með þér um landið
og benda á ýmislegt sem vert er að skoða.





Ísland er eyja




Dynjandi í Arnarfirði

Ísland er eyja í **Norður-Atlantshafi**.
Það er sjór allt í kringum landið.


Ísland er hálent.
Stórir hlutar landsins eru fjöll.
Á sumum hæstu fjöllum eru jöklar.

Á Íslandi eru líka margar ár og mörg vötn.
Víða eru fallegir fossar í ánum.

Það er ekki mikið af trjám á Íslandi
og skógar eru fáir og litlir.



Strendur Íslands eru vogskornar



Barðsneshorn á Austfjörðum

Inn í ströndina skerast margir firðir,
flóar, víkur og vogar.
Þá er sagt að ströndin sé vogskorin.

Aðeins sendin suðurströndin
er ekki vogskorin.

Í hafinu umhverfis Ísland eru auðug fiskimið
og víða eru góðar hafnir.

Þar koma sjómennirnir
að landi með afla sinn.



Sumrin eru svöl en veturnir mildir




Arnarfjörður

Veðráttan á Íslandi er óstöðug.
Oft er margs konar veður sama daginn.

Vegna nafnsins Ísland halda margir
að hér sé mjög kalt.
En í mörgum suðlægari löndum
er miklu kaldara á veturna.

Hafstraumur frá heitum svæðum
berst til landsins.
Hann heitir **Golfstraumur**.

Án Golfstraumsins væri tæplega
hægt að búa á Íslandi vegna kulda.



Kaldur hafstraumur flytur með sér hafís



Hvítabjörn á hafís

Norðan úr **Íshafinu** kemur kaldur hafstraumur.
Hann flytur iðulega með sér hafís.


Stundum kemur hafís að landi
við **Norðurland** og **Vestfirði**.

Skip komast þá ekki leiðar sinnar.

Einstaka sinnum berast hvítabirnir
með hafísnum til Íslands.



Á hálendi er lítill gróður



Gróðurfar á hálendinu

Á Íslandi eru mörg fjöll.
Hæsta fjallið er Öräfajökull.
Hann er 2110 m hár.

Á hálendinu þarf að ferðast
á jeppum og traustum bílum.

Mun svalara er á hálendinu en niðri
á láglandi og við strendur landsins.

Þess vegna er lítill gróður á hálendinu.
Hann er helst við ár og vötn. Mest ber á
mosa, lyngi, grasi og stöku blómplöntum.



Stórir jöklar eru á hálendinu



Göngugarpar á jökli

Á Íslandi eru margir jöklar.
Stærstur þeirra er **Vatnajökull**.
Frá honum ganga margir skriðjöklar.

Jöklar myndast í fjöllum af því að
allur snjór sem fellur um vetur
nær ekki að bráðna á sumrin.

Sumum þykir gaman að fara á jökla.
En það getur verið hættulegt.
Fólk þarf að hafa réttan búnað
og þekkja umhverfið vel.



Á Íslandi eru mörg eldfjöll




Eldgos í Eyjafjallajökli

Ísland hefur myndast í eldgosum.
Landið er oft kallað land elds og ísa.
Hekla, Katla og Eyjafjallajökull
eru þekkt eldfjöll á Íslandi.

Í eldgosum berst glóandi hraunkvika upp á yfirborðið.
Stundum eru gosin róleg og falleg að sjá.
Þá rennur hraun frá eldgígum og glóandi kvikan
þeytist upp í loft eins og í flugeldasýningu.

Stundum eru eldgosin svo öflug að
svartur öskumökkur stígur hátt til lofts
og truflar umferð flugvéla.
Það gerist meðal annars þegar gýs undir jökli.





Surtsey varð til í eldgosí



Surtseyjargos

Eftir hafsbotninum, í miðju
Norður-Atlantshafi liggur sprunga.
Þar verða mörg eldgos.

Ísland er á þessari sprungu.
Þess vegna verða oft eldgos á Íslandi.

Eldgos geta valdið miklu tjóni,
einkum vegna öskufalls og eiturlofts.

En í eldgosum verður líka til nýtt land.
Surtsey, nýjasta eyjan við
Vestmannaeyjar, myndaðist
á árunum 1963–1967.



Vestmannaeyjar eru suður af Íslandi



Landakirkja og Heimaeyjargos

Í janúar 1973 fór að gjósa á **Heimaey**.
Hún er stærsta eyjan í Vestmannaeyjum.
Þar bjuggu rúmlega 5000 manns.
Gosið byrjaði um nótt, alveg óvænt.

Flytja varð alla íbúana í burt.
Mörg hús fóru undir hraun og ösku.
Þegar gosinu lauk fluttu margir íbúar til baka
og byggðu upp bæinn í Vestmannaeyjum.



Að búa hjá eldfjöllum



Lakagígar

Saga Íslands segir frá margvíslegu tjóni sem fólk hefur orðið fyrir í eldgosum.

Stundum hafa gosin orðið svo öflug að þau hafa valdið skaða víða um Evrópu.

Eldgosið í **Lakagígum** árið 1783–1784 er dæmi um slíkt gos.

Gosið í **Eyjafjallajökli** árið 2010 lamaði flugumferð víða um Evrópu.



Á Íslandi verða oft jarðskjálftar



Rifin jörð á Suðurlandi eftir jarðskjálfta

Jarðskorpan á Íslandi er á stöðugri hreyfingu út frá sprungukerfi Mið-Atlantshafsins.

Þessum hreyfingum fylgja margir jarðskjálftar. Stærstu jarðskjálftarnir verða á Suðurlandi og úti fyrir Norðurlandi.


Þeir geta valdið talsverðu tjóni.

Flest hús á Íslandi eru byggð úr steinsteypu og þola vel jarðskjálfta.

Í jarðskjálftum á Suðurlandi árin 2000 og 2008 urðu samt skemmdir á húsum en enginn slasaðist eða dó.



Á Íslandi er heitt vatn í jörðu



Strokkur í Haukadal

Á Íslandi er mikið af heitu vatni í jörðu.

Niðri í jörðinni er bergkvika sem víða hitar upp vatn.
Vatnið berst upp á yfirborð um sprungur í berginu.

Sums staðar eru heitar laugar
en annars staðar eru sjóðandi hverir
og goshverir.

Frægasti goshver á Íslandi er **Geysir**.
Eftir honum eru allir goshverir
í heiminum nefndir.



Heita vatnið er notað á ýmsan hátt



Tómatar í gróðurhúsi

Flest hús á Íslandi eru hituð upp með jarðhita sem er dælt upp úr jörðu um borholur.

Jarðhitagufa er líka notuð til að framleiða rafmagn. Þannig er hægt að draga úr innflutningi á olíu og kolum.

Heita vatnið er einnig notað til að hita upp gróðurhús.

Þar eru ræktuð suðræn blóm og grænmeti eins og tómatar, agúrkur og paprikur.



Víða um landið eru heitar laugar



Baðlaug á Hveravöllum

Á Íslandi er jarðhitavatn meðal annars notað í sundlaugar.

Sundlaugar eru víða um land og vinsælar. Margir fara í sund á hverjum degi allt árið.

Úti í náttúrunni eru líka heitar laugar. Í sumum þeirra er hægt að baða sig. Einn slíkur staður heitir **Hveravellir**.



Á Íslandi eru margar ár og mörg vötn



Gullfoss


Flestar ár koma upp á hálandinu
og stærstu árnar úr jöklunum.
Víða renna árnar niður brattar hlíðar.
Í brattanum verða til fossar.
Einn þeirra heitir **Gullfoss**.
Hann þykir einn fegursti foss á Íslandi.

Í mörgum ám er mikið af laxi og silungi.
Sumu fólki finnst gaman að veiða.

Víða um landið eru falleg vötn.
Eitt þeirra er **Mývatn**.
Á Mývatni er mikið fuglalíf.



Sumar ár eru virkjaðar




Kárahnjúkastífla

Margar jökulárnar eru stórar og straumþungar.
Vatnið í þeim er víða notað
til að framleiða rafmagn.
Það heitir að virkja árnar.

Stærsta virkjunin er í **Fljótsdal** á Austurlandi.
Hún fær vatn frá **Kárahnjúkum**.

Rafmagnið er að mestu leitt
eftir loftlínnum sem liggja
um landið þvert og endilangt.
Rafmagnið er notað bæði á heimilum
og á vinnustöðum.





Skógar á Íslandi eru fáir og smáir



Birkiskógur í Húsafelli

Þegar landnámsmenn komu til Íslands var hér víða birkiskógur.

Menn og dýr nýttu skóginn.

Þess vegna eyddist hann.

Við það losnaði um jarðveginn sem vatn og vindur áttu auðvelt með að rífa með sér.

Jarðvegseyðing hefur lengi verið vandamál á Íslandi. Nú er bara skógur á stöku stað.

Stærsti skógur landsins er

Hallormsstaðarskógur á Austurlandi.

Þar hefur ýmsum tegundum af trjám verið plantað, svo sem lerki, greni og furu.



Nú er reynt að græða landið



Landgræðsla á Heimaey

Með landgræðslu og skógrækt er reynt að græða upp landið og stöðva eyðingu gróðursins.

Nokkur landsvæði eru friðuð og girt af svo búfé bíti ekki gróðurinn.

Víða er sáð og borið á sand og auðnir og margir eru iðnir við að planta trjám.

Íslenskur gróður er smáfaxinn og viðkvæmur. Því er nauðsynlegt að fara um landið með gát til að skemma ekki gróðurinn.



Á Íslandi eru fá villt spendýr



Hreindýr


Helstu villtu landspendýr á Íslandi eru hagamús, refur, rotta, minkur og hreindýr.

Í sjónum svamla hvalir og selir.
Þar er líka gnægð fiskjar.

Á Íslandi eru margar tegundir fugla.
Sumir veiða fugla sér til matar
eða síga í björg eftir eggjum sjófugla.
Margar tegundir fugla eru friðaðar,
til dæmis fálki, haförn, álft, æðarfugl.



Á Íslandi eru fáar tegundir húsdýra



Hestar við Mývatn

Helstu húsdýr eru kindur, kýr og hestar
en einnig hænsni og svín, auk hunda og katta.

Mest er af kindum, hrossum og nautgripum.

Íslenski hesturinn er lítill og sterkur.
Margir eiga hesta sér til skemmtunar.

Íslenska hænan og íslenski hundurinn
þykja líka sérstæð.



Á Íslandi er ferðast á landi, sjó og í lofti



Malarvegur á hálendinu

Flestir ferðast á milli staða innanlands með eigin bílum, flugvélum eða áætlunarbílum.

Helstu þjóðvegir eru lagðir bundnu slitlagi og jarðgöng og brýr auðvelda akstur á milli staða.

Hringvegurinn liggur í kringum landið. Víða eru þó malarvegir, einkum á fáförnum leiðum og á hálendinu.

Flug hefur alltaf verið mikilvægt. Daglegt áætlunarflug er á milli stærstu þéttbýlisstaða.

Sums staðar verður að sigla með ferjum.



Samgöngur eru stundum erfiðar á vetrum



Úr Öxnadal

Á veturna veldur veður stundum erfiðleikum,
einkum á Vestfjörðum og Norðurlandi.

Vegir geta lokast vegna snjóá.
Stundum falla snjóflóð á vegi og loka þeim.

Eins kemur fyrir að ekki er hægt
að fljúga á milli staða vegna veðurs.



Samgöngur við Ísland eru góðar



Góðir farþegar, velkomnir heim

Landið okkar er eyja.
Til að ferðast til annarra landa
þarf að nota flugvélar og skip.


Alþjóðaflugvöllur er í **Keflavík** og þaðan
er flogið til helstu borga í Evrópu
og til Norður-Ameríku.

Frá **Seyðisfirði** siglir ferja til Færeyja og Danmerkur.
Þannig er hægt að taka bíl með til útlanda.

Margir erlendir ferðamenn
heimsækja Ísland á hverju ári.



Vörur eru fluttar með skipum og flugvélum



Frá Sundahöfn í Reykjavík

Allur flutningur á vöru til og frá Íslandi fer fram með skipum og flugvélum.


Með skipum er mest flutt af frosnum fiski og áli frá landinu en til landsins eru fluttar ýmsar vélar, tæki og matvörur.

Mesta flutningahöfnin er í **Reykjavík**.

Með flugvélum er mikið flutt út af ferskum fiski.

Fiskurinn fer beint á markað í Evrópu.





Höfuðborgin heitir Reykjavík



Miðborg Reykjavíkur

Á Íslandi búa flestir þar sem hafnir
eru við ströndina.

Nærri tveir þriðju hlutar þjóðarinnar
búa í **Reykjavík** og nágrenni hennar.


Sagan segir að fyrsti landnámsmaðurinn
hafi reist bæ sinn í Reykjavík.

Hann hét Ingólfur Arnarson og kom frá Noregi.
Ingólfur á að hafa gefið staðnum nafnið Reykjavík
af því að hann sá gufu stíga til himins
frá heitum laugum í **Laugardal**.

Á **Arnarhóli** er stytta af Ingólfi Arnarsyni.



Þingvellir eru frægur sögustaður á Íslandi



Haut á Þingvöllum


Þingvellir eru frægur sögustaður.
Þar er mikil og sérstæð náttúrufegurð.
Þar er líka eitt stærsta stöðuvatn landsins, **Þingvallavatn**.

Á Þingvöllum héldu landsmenn þing
sem stofnað var til árið 930.
Merkasti staðurinn er **Lögberg** við **Almannagjá**.
Nú er Alþingi Íslendinga haldið í Reykjavík.

Þingvellir voru friðaðir sem þjóðgarður árið 1928.
Staðurinn er á heimsminjaskrá UNESCO
ásamt Surtsey og skinnhandritum sem rituð voru
á Íslandi á 12. og 13. öld.



Helstu atvinnuvegir



Langflestir Íslendingar starfa við ýmis þjónustustörf í skólum, á sjúkrahúsum, við verslun, samgöngur og fleira.

Ferðaþjónusta er mikilvæg.

Árlega kemur um hálf milljón ferðamanna til landsins.

Í iðnaði starfar fimmti hver Íslendingur og iðnvarningur, einkum ál, er meira en helmingur af útflutningi.

Ekki starfa margir við landbúnað og sjávarútveg.

Útflutningur á fiski og fiskafurðum er samt

tæplega helmingur þess sem flutt er til útlanda.



Orð sem geta þarfnast útskýringa

- Bls. 4
Þjóð: Fólk sem yfirleitt talar sama tungumál, á sér sömu menningu og sögu og býr gjarnan í sama landi.
Lýðveldi: Stjórnarfar þar sem forseti, kjörinn af þjóðinni, er æðsti maður ríkisins.
- Bls. 7
Fiskimið: Staður sem fiskur er veiddur á.
Höfn: Staður þar sem gott er fyrir skip að leggjast að landi, gjarnan við bryggju.
Afli: Það sem aflað er (safnað, veitt), t.d. fiskafli.
- Bls. 8
Suðlægur: Staður (land) sem liggur sunnarlega, eða sunnan við Ísland.
Hafstraumur: Stöðugur straumur í sjó sem myndast m.a. af mismunandi hita og seltu sjávar.
- Bls. 9
Hafís: Ísbreiða á hafi, heimskaufaís.
- Bls. 10
Gróður: Hópur plantna sem lifir saman í líffélagi sem mótast af umhverfinu.
Blómplanta: Planta sem ber blóm, hluti stærstu fylkingar plönturíkisins.
- Bls. 11
Skriðjökull: Jökultunga sem skríður fram, út frá meginjökli.
Búnaður: Útbúnaður, fatnaður, tól og tæki sem þarf til einhvers.
Umhverfi: Náttúrulegt og manngert landslag í nágrenni einhvers.
- Bls. 12
Hraunkvika: Bergkvika, glóandi blanda af bráðnu bergi og gasi sem kemur upp í eldgosi.
Hraun: Gosefni sem rennur út frá eldstöð í gosi og storknar á yfirborði jarðar.
Öskumökkur: Gosmökkur, blanda af ösku, vikri og gasi sem stígur upp af eldstöð.
- Bls. 13
Öskufall: Þegar aska og vikur fellur til jarðar úr gosmekki.
Eiturloft: Eitrað gas sem mengar andrúmsloftið.
- Bls. 14
Íbúi: Maður sem á heima á tilteknum stað, í þorpi, bæ eða landi.
- Bls. 15
Flugumferð: Umferð flugvéla og annarra farartækja í lofti.
- Bls. 16
Jarðskorpa: Ysta lag jarðarinnar, ofan á möttli jarðar, 5–70 km þykkt.
Jarðskjálfti: Titringur í jörðu af völdum brotahreyfinga í jarðskorpunni.
Steinsteypa: Blanda af sementi, mól, vatni og sandi sem harðnar.
- Bls. 17
Laug: Lind með volgu eða heitu vatni sem berst úr jörðu.
Hver: Op í jörðu þar sem upp streymir heitt vatn og gufa, sem stundum gýs.
- Bls. 18
Jarðhiti: Jarðvarmi, heitt vatn í jörðu sem á rætur í innri hita jarðar.
Gróðurhús: Hús úr gleri, oft hitað með jarðhita, til að rækta í hitakærar plöntur.
Rækta: Ræktun, það að rækta t.d. plöntur eða grænmeti.
- Bls. 20
Foss: Straumvatn (á, lækur) sem fellur fram af stalli eða brún.
- Bls. 21
Jökulá: Á sem myndast við bráðnun jökuls og á upptök við hann.
Virkjun: Mannvirki sem nýtir afl vatns, gufu eða annars og breytir t.d. í raforku.
Loftlína: Mannvirki sem er reist til að flytja raforku á milli staða.
- Bls. 22
Jarðvegur: Efsta lausa jarðlagið sem plöntur vaxa í, blanda af lífrænu efni og steinefnum.
Jarðvegseyðing: Eyðing jarðvegs (og gróðurs) af völdum vinds og vatns.
- Bls. 23
Landgræðsla: Að græða upp lítt gróið eða ógróið land og koma í veg fyrir gróðureyðingu.
Skógrækt: Ræktun og hirðing skógar til að hafa af honum einhverjar nytjar.
Búfé: Dýr sem alin eru til nytja í landbúnaði; sauðfé, nautgripir, svín og fleira.
Sáning: Að sá fræjum plantna í jarðveg.
- Bls. 24
Spendýr: Hryggdýr með heitu blóði sem næra afkvæmi sín á mjólk.
Þjarg: Klettur, hamrar, standberg.
Friðun: Það að friða, lýsa yfir friðhelgi lands, dýrategundar eða plöntu.
- Bls. 25
Húsdýr: Tamið dýr sem menn halda sér til gagns eða skemmtunar.
- Bls. 26
Áætlunarbíll: Fólksflutningabíll (rúta) sem ekur samkvæmt ákveðinni áætlun.
Slitlag: Sterkt og þjappað lag ofan á vegi til að verjast sliti.
Malarvegur: Vegur sem ekki er lagður bundnu slitlagi (malbiki eða olúumöl).
- Bls. 27
Snjóflóð: Snjóskríða, snjór sem fellur úr brattri hlíð.
Veður: Ástand neðsta hluta loftþjúpsins á tilteknum tíma (gott eða vont veður).
- Bls. 28
Ferja: Skip sem siglir eftir ákveðinni áætlun á milli tveggja staða.
Erlendur: Útlendur, maður af erlendum uppruna.
- Bls. 29
Vara: Varningur, eitthvað sem er framleitt og selt.
Ál: Frumefni, léttur málmur notaður í margs konar framleiðslu, m.a. flugvélar.
- Bls. 31
Sögustaður: Þekktur staður vegna atburða eða manna sem honum tengjast.
Þing: Mannamót eða samkoma, lögjafarsamkoma, samanber Alþingi.
Þjóðgarður: Friðlýst svæði með sérstæða náttúru eða merka sögu sem nýtur verndar.
Heimsminjar: Staðir og gripir sem hafa verið skráðir sem heimsminjar af UNESCO. Teljast markverðir frá menningarlegu og/eða náttúrufræðilegu sjónarmiði og hluti af menningararfi mannkyns.
- Bls. 32
Þjónustustarf: Starf sem felst í því að þjóna öðrum, t.d. í verslun og viðskiptum.
Iðnaður: Starfsemi sem breytir hráefni í hálfunna eða fullunna vöru.
Útflutningur: Það að flytja vörur úr landi.
Landbúnaður: Ræktun nytjajurta og alidýra (búfénaðar) sem atvinnugrein.

Í bókinni **Ísland – landið okkar** er sagt frá nokkrum merkilegum stöðum og ýmis orð um landslag og landmótun á Íslandi kynnt.

Í bókinni eru fallegar ljósmyndir sem gaman er að skoða og ræða um.

Samferða lesandanum eru þeir Skjóni og Snati sem kynnast mörgu sem þeir hafa aldrei séð áður.

m MENNTAMÁLASTOFNUN
40327

